

Skýrsla um starfendarannsóknir skólaárið 2022-2023

Fyrsti fundur í starfendarannsóknnum var 5. október og þá byrjaði starfið að fullu. Haldnir voru fimm fundir á skólaárinu auk almenns fundar 17. maí en þann dag kynntu þátttakendur í leiðsagnarnámi og starfendarannsóknnum erindi á menntabúðum. Fundirnir voru á miðvikudögum og voru 80 mínútur hver. Þátttakendur í starfendarannsóknnum í vetur voru að jafnaði þrettán. Aðeins fleiri byrjuðu en nokkur hættu því þau voru í leiðsagnarnáminu og þótti of mikið að vera í báðum hópnum.

Ytri ráðgjafi hópsins var Guðrún Ragnarsdóttir, dósent á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Ætlun var að reyna að efla samstarf þátttakenda í formi bandamanna. Á fyrsta fundi var því lagt upp með að þátttakendur fyndu sér bandafólk t.d. á grundvelli viðfangsefnis. Sumir eignuðust (eða áttu fyrir) bandamann en aðrir töldu sig ekki þurfa á bandamanni að halda því hópurnir sjálfur væri nægilegur stuðningur.

Guðrún hvatti hvert og eitt okkar til að finna og lesa grein sem tengdist viðfangsefni okkar, segja stuttlega frá henni og hvernig efni hennar gæti nýst okkur við rannsóknina. Ýmsar greinar voru kynntar og viðfangsefni þátttakenda voru margvísleg.

Nokkrir þátttakendur kynntu stöðuna í rannsóknnum sínum á fundi í febrúar. S. Lilja og Hjördís Alda fjölluðu um námskraftinn, Kría fjallaði um þjónandi forystu og sagði frá handbók sem hún er að vinna að með SMS; Nanna kynnti leið sem hún fór til að auka frumkvæði nemenda og loks kynnti Björk samstarf þeirra Jónu um að skoða hugarfar nemenda og viðhorf til verkefna.

Fundurinn 1. mars var haldinn með leiðsagnarnámshópnum. Þar kynntu Brynja Gunnlaugsdóttir og Dóra Kristín Sigurðardóttir áhugaverðar leiðir til að innleiða leiðsagnarnám. Jóna og Björk gerðu saman rannsókn og Hrafnhildur Eiðsdóttir og Guðrún Benedikta Elíasdóttir unnu saman að innleiðingu leiðsagnarnáms og kynntu bæði þörin verkefni sín. Hrafnhildur, Jóna og Björk voru í starfendarannsóknahópnum.

Á menntabúðum MS og FMOS voru þrjár kynningar frá þátttakendum í starfendarannsóknnum. Þar sagði Gunnvör Rósa Eyvindardóttir frá leið sinni til að efla samvinnu, réttlæti, jöfnuð og lýðræði, Björk og Jóna kynntu rannsókn sína og Sigurrós fjallaði um tilraun sína til að setja námsviðmið verkefna í samráði við nemendur.

Á menntabúðum í MS þann 17. maí kynntu nokkrir fulltrúar í starfendarannsóknnum rannsóknir. Þar sagði Hafsteinn Óskarsson frá þeim hindrunum og tækifærum sem komu upp við innleiðingu leiðsagnarnáms. Jónas Örn Helgason, Elísabet Eggertsdóttir og Solveig Þórðardóttir kynntu saman hvernig þau nýta myndbandsverkefni í kennslu og S. Lilja Guðbjörnsdóttir flutti erindi sem hún nefndi verkefni og próf endurunnin. Nanna Þorbjörg Lárusdóttir kynnti leið til að efla frumkvæði nemenda í gegnum hópastarf, samþættingu og dýpkun námsefnis í þýsku. Þessi öll nema Elísabet voru í starfendarannsóknnum í vetur.

Viðfangsefni starfendarannsóknanna hafa verið fjölbreytt. Leiðsagnarnámið hefur veitt kröftuga innspýtingu í rannsóknir kennara og styrkt starfendarannsóknir. Fjölbreyttar rannsóknir vetrarins standa upp úr starfinu og hafa þátttakendur í starfendarannsóknnum verið duglegir að kynna rannsóknir sínar. Gott samstarf einstaklinga, ýmist kennara úr sömu greinum eða þverfaglegt samstarf, er merki um þá miklu grósku sem ríkir í skólanum. Kynningar þátttakenda sýna staðfestu einstaklinga og styrk starfendarannsóknarhópsins.

Reykjavík, 6. júní 2023

Sigurrós Erlingsdóttir, verkefnisstjóri í starfendarannsóknnum